

## AUGLÝSING um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

### *Breiðhella 18 og Breiðhella 20.*

Skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðar samþykkti 25. apríl 2017 breytingu á deiliskipulagi lóðanna Breiðhelli 18 og Breiðhelli 20. Lóðirnar sameinast í eina lóð, grunnflötur byggingarreits stækkar, hámarkshæð bygginga eykst og aðkomur að lóð verða tvær í stað einnar. Deiliskipulagið var auglýst frá 28. febrúar 2017 - 11. apríl 2017. Engin athugasemd barst.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð samkvæmt 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga og öðlast þegar gildi.

### *Hverfisgata 4b og 6b.*

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum þann 2. maí 2017 breytingu á deiliskipulagi lóðanna Hverfisgötu 4b og 6b. Lóð Hverfisgötu 4b minnkar og lóð Hverfisgötu 6b stækkar sem því nemur. Jafnframt minnkar byggingarreitur Hverfisgötu 4b. Deiliskipulagið var auglýst frá 17. febrúar 2017 til 31. mars 2017. Engin athugasemd barst.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð samkvæmt 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga og öðlast þegar gildi.

*Hafnarfirði, 12. maí 2017.*

**Þormóður Sveinsson** skipulagsfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfud.: 30. maí 2017